



# ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Útgáfa: 3

Dags. endurskoðunar: 24. apríl 2014

## 1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

- 1.1. Vörukenni** **CASTROL ACT>EVO**
- 1.2. Tilgreind notkun** Smurolía fyrir tveggja strokka vélar.
- 1.3. Söluaðili** Olíuverzlun Íslands hf.  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
Sími: 515 1000  
Netfang: [olis@olis.is](mailto:olis@olis.is)  
Veffang: [www.olis.is](http://www.olis.is)
- 1.4. Neyðarsímanúmer**  
Neyðarlínan: 112  
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

## 2. HÆTTUGREINING

- 2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008**  
CLP-flokkun Ekki flokkað sem hættulegt samkvæmt viðmiðunarreglum ESB.
- 2.2. Merkingaratriði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008**  
Merkingaratriði Ekki flokkað.
- 2.3. Aðrar hættur sem ekki eru flokkunarskyldar**  
Aðrar hættur Þurrkar húð. Þegar efninu er blandað við jarðolíu skal viðhafa sömu öryggisráðstafanir og við meðhöndlun jarðolíu. Lesið viðeigandi efni þessa öryggisblaðs um öryggisráðstafanir áður en blandað er.

## 3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

### 3.2 Blanda

Efnisþættir	Auðkenni	Þyngd%	CLP-flokkun	Teg.
Grunnolía - ótilgreind	-	≥50- <75	Ekki flokkað	[2]
Vetniskolefni, C10-C13, n-alkön, ísóalkön, hringtengd, <2% ilmefni	CAS#: 64742-48-9	≥25- <35	Eit. v. ásvelg. 1; H304	[1] [2]

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

[1] Efni flokkað með heilbrigðishættu eða umhverfishættu.

[2] Efni flokkað með váhrifamörk á vinnustað.

## 4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

### 4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

- Eftir innöndun** Færið viðkomandi í ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni koma fram.
- Eftir snertingu við augu** Engra sérstakra ráðstafana þörf. Til öryggis, fjarlægjið snertilinsur og skolið augu með vatni.
- Eftir snertingu við húð** Engra sérstakra ráðstafana þörf. Til öryggis, fjarlægjið föt og skó sem hafa óhreinkast af efninu. Til að fjarlægja efnið af húðinni, notið sápu og vatn. Hendið óhreinkuðum fatnaði og skóm eða þvoði vel fyrir næstu notkun.
- Eftir inntöku** Engra sérstakra ráðstafana þörf. EKKI framkalla uppköst nema að ráði heilbrigðisstarfsfólks. Leitið lækni ef einkenni koma fram.

### 4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir

Einkenni og áhrif

### 4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Sérstök meðhöndlun Meðhöndlun skal miða að því að draga úr áhrifum og einkennum.

## 5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

### 5.1. Slökkvibúnaður

**Viðeigandi** Vatnsúði, froða, slökkviduft eða koltvísýringur.

### 5.2. Sérstök hættu af blöndunni

**Sérstök hættu** Í bruna eða við upphitun eykst þrýstingur og umbúðir geta sprungið.

**Myndefni við bruna** Kolsýringur, koltvísýringur og lífræn efnasambönd sem ekki hafa verið borin kennsl á.

### 5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

**Sérstakar ráðstafanir** Efnið brennur þó að erfitt sé að kveikja í því. Sjá 7. lið fyrir meðhöndlun og geymslu. Í bruna þar sem þetta efni er meðal þess sem brennur, farið ekki inn í þröng eða lokuð rými án viðeigandi hlífðarbúnaðar, þ.m.t. ferskloftstækis.

## 6. RÁÐSTAFANIR EF EFNIR FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

### 6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

**Ráðstafanir** Ekki gera neitt án viðeigandi þjálfunar sem felur í sér áhættu. Rýmið nærliggjandi svæði. Komið óviðkomandi og óvörðu fólk frá svæðinu. Ekki snerta eða ganga á leka. Gólf geta verið hál. Notið viðeigandi persónuhlífar.

### 6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

**Ráðstafanir** Komist fyrir upptök lekans ef mögulegt án áhættu. Haldið leka í skefjum til að koma í veg fyrir frekari mengun jarðvegs, yfirborðsvatns eða grunnvatns.

### 6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

**Aðferðir** Hreinsið upp leka eins fljótt og hægt er, að teknu tilliti til varúðarráðstafana sem getið er í 8. lið. Notið viðeigandi aðferðir. Notið eldtraust ísogsefni til söfnunar, s.s. sand, jarðveg, vermikúlít eða kísilgúr og setjið í ílát til förgunar. Fargið í samræmi við gildandi lög og reglur. Látið önnur menguð efni í ílát og fargið í samræmi við gildandi reglur. Tilkynnið viðeigandi yfirvöldum um leka eftir því sem við á eða kröfur eru gerðar um.

### 6.4. Tilvísun í aðra liði

**Aðrir liðir** Sjá liði 5, 8, 12 og 13.

## 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

### 7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

**Ráðstafanir** Notið viðeigandi persónuhlífar. Þegar efninu er blandað við jarðolíu skal viðhafa sömu öryggisráðstafanir og við meðhöndlun jarðolíu.

Lesið viðeigandi liði þessa öryggisblaðs um öryggisráðstafanir áður en blandað er.

**Hreinlæti** Ekki matast, drekka að reykja þar sem efnið er meðhöndlað, geymt og unnið. Þvoið vandlega þau svæði líkamans þar sem efnið kemur á húðina. Farið úr fötum og hlífðarfatnaði sem óhreinkast hefur af efninu áður en gengið er í matsal. Sjá 8. lið fyrir frekari upplýsingar um hreinlæti.

### 7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

**Almennt** Geymið á þurrum, köldum og vel loftræstum stað, fjarri ósamrýmanlegum efnum (sjá 10. lið). Haldið fjarri hita og beinu sólarljósi. Geymið í tryggilega luktum og innsigliuðum umbúðum þar til það er notað. Ílát sem hafa verið opnuð skulu endurinnsigliuð og geymd upprétt til að forðast leka. Geymið og notið aðeins í ílátum og búnaði sem hannaður er fyrir þetta efni. Geymið ekki í ómerktum umbúðum.

**Óviðeigandi** Langvarandi snerting við hækkað hitastig.

### 7.3. Sérstök notkun

Sjá lið 1.2.

## 8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

### Almenn atriði

Hugið að hættulegum eiginleikum efnisins (sjá 2. lið), váhrifamörkum, einstökum aðgerðum og öðrum efnum á vinnustaðnum við tæknilegar ráðstafanir og val á persónuhlífum. Ef tæknilegar ráðstafanir eða verklag er með þeim hætti að ekki dugar til að hindra áverkun efnisins í magni yfir váhrifamörkum, er notkun á neðantöldum hlífðarbúnaði ráðlögð. Notandi ætti að lesa og skilja allar leiðbeiningar og takmarkanir sem fylgja búnaðinum, þar sem hann veitir jafnan aðeins vörn í tiltekinn tíma eða við tilteknar aðstæður. Sjá viðeigandi CEN-staðla.

### 8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

#### Viðmiðunarmörk

**Grunnolía – ótilgreind** TWA: 1 mg/m<sup>3</sup>, 8 klst. (úði og agnir).

**Vetniskolefni, C10-C13,  
n-alkön, isóalkön,  
hringtengd, <2% ilmefni**

Þakgildi: 180 mg/m<sup>3</sup>, 8 klst.  
Þakgildi: 25 ppm, 8 klst.

**Viðbótarupplýsingar**

Þó að gefin séu upp váhrifamörk fyrir tiltekin efni í þessum lið, geta önnur efni myndast í úða, gufu eða ryki. Mögulega eiga tilgreind váhrifamörk því ekki við um við vöruna í heild og ætti því að einungis að nota til leiðbeiningar.

**Vöktun**

Ef varan inniheldur efni með tilgreind váhrifamörk gæti þurft að vakta þéttni þess svo gera megi ráðstafanir m.t.t. loftræstingar og/eða öndunarhlífa. Athugið viðeigandi eftirlitsstaðla: Evrópustaðall EN 689 (Loftgæði á vinnustað – Leiðbeiningar um mat á váhrifum við innöndun á efnunum m.t.t. viðmiðunarmarkna og mæliaðferða). Evrópustaðall EN 14042 (Loftgæði á vinnustað – Leiðbeiningar um beitingu og notkun ferla við mat á váhrifum af völdum efna og líffræðilegra áhrifavalda) Evrópustaðall EN 482 (Loftgæði á vinnustað - Almennar kröfur um framkvæmd aðferða við mælingar á efnunum) Athugið einnig landsbundnar leiðbeiningar um aðferðir við mat á hættulegum efnunum.

**8.2. Váhrifavarnir**

**Tæknilegar ráðstafanir**

Komið fyrir útsogskerfi eða öðrum búnaði til að halda loftþéttni undir váhrifamörkum í starfi. Hugið að persónuhlífum eftir að almennar ráðstafanir eru gerðar. Hlífðarbúnaður skal vera í samræmi við viðeigandi staðla, henta vel til notkunar og réttilega við haldið. Ráðfærið ykkur við söluaðila hlífðarbúnaðarins varðandi val og viðeigandi staðla. Fyrir frekari upplýsingar, hafið samband við Staðlaráð Íslands. Val á hlífðarbúnaði byggist á áhættumati. Mikilvægt er að tryggja að einstakir hlutar hlífðarbúnaðarins eigi saman.

**Hreinlætisráðstafanir**

Þvoið vel hendur, framhandleggi og andlit eftir notkun íðefna áður en borðað er, reykt og farið á salerni og við lok vinnustunda. Notið viðeigandi aðferðir við að fjarlægja mögulega óhreinkaðan fatnað. Þvoið óhreinkaðan fatnað fyrir næstu notkun. Augnaskolunarbúnaður og öryggissturtur skulu vera nálægt vinnustöð.

**Öndunarhlífar**

Öndunarhlífa er venjulega ekki þörf þar sem náttúrulegt eða stýrt útsog takmarkar váhrif nægilega. Ef loftræsting er ekki næg, notið viðeigandi öndunarhlífar. Val á öndunarhlífum skal ráðast af efninu sem unnið er með, vinnuskilyrðum, notkun og ástandi öndunarhlífa, í samráði við birgi/framleiðanda og byggja á heildarmati á vinnuaðstæðum. Móta skal öryggisreglur fyrir hverja tiltekna notkun.

**Til hlífðar höndum**

Notið hlífðarhanska ef líkur eru á langvarandi eða endurtekinni snertingu. Notið efnapolna hanska. Mælt er með nítrílhönskum. Val á hlífðarhönskum skal ráðast af efninu sem unnið er með, vinnuskilyrðum, notkun og ástandi hanskana (jafnvel mjög efnapolnir hanskar eyðast með tímanum við endurtekna snertingu við efni). Skiptið reglulega um hanska. Vegna þess hve vinnuskilyrði og meðhöndlun geta verið breytileg skal móta öryggisreglur fyrir hverja tilgreinda notkun. Veljið hanska í samráði við birgi/framleiðanda sem byggir á heildarmati á vinnuaðstæðum. Samfelld snerting: Hanskar með a.m.k. 240 mín. gegnþrengingartíma. Ef ekki fást hentugir hanskar með svo mikið þol, gætið þess þá að skipta reglulega um hanska. Skammtíma/ósamfelld snerting: Hanskar með a.m.k. 240 mín. gegnþrengingartíma. Gætið þess að skipta reglulega um hanska ef notaðir eru hanskar með minna þol. Þykkt hanska: 0,35 mm. Eftir atvikum getur eðli verks krafist þess að notaðir séu þynnri hanskar. Gætið þess þá að skipta reglulega um hanska. Öryggisglæraugu með hliðarvörn.

**Til hlífðar augum/andl.  
Húð og líkami**

Notkun hlífðarfatnaðar er góð vinnuregla. Veljið hlífðarfatnað m.t.t. verks og hættunnar sem í því felst. Veljið hlífðarfatnað sem viðurkenndur er af sérfræðingi. Bómullar- eða pólýester/bómullarsamfestingar veita einungis vörn gegn minniháttar yfirborðsmengun sem gegnbleytir ekki. Samfestinga skal þvo reglulega. Þegar mikil hætta er á snertingu við húð (s.s. við hreinsun leka eða þar sem hætta er á slettum) skal nota efnapolnar svuntur og/eða efnapolinn klæðnað og stígvél.

**Umhverfisráðstafanir**

Tryggið að útblástur í gegnum loftræstingu eða frá vinnuferlum og búnaði séu í samræmi við kröfur í umhverfisverndarlöggjöf. Í sumum tilfellum þarf að koma fyrir útblásturshreinsibúnaði eða gera tæknilegar breytingar á búnaði til að koma útblæstri undir viðmiðunarmörk.

## 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

### 9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Vökvi
Litur	Rauður
Lykt	Olíulykt
Lyktarþröskuldur	Engin gögn
pH-gildi	Engin gögn
Frostmark	Engin gögn
Upphafssuðumark	Engin gögn
Blossamark	76°C (lokað ílát, Pensky-Martens)
Rennslismark	-42°C
Uppgufunarhraði	Engin gögn
Eldfimi (fast form, lofttegund)	Engin gögn
Íkveikju- og sprengimörk (% rúmmáls í lofti)	Engin gögn
Gufuþrýstingur	Engin gögn
Gufuþéttni (loft=1)	Engin gögn
Eðlisþyngd	0,861 g/cm <sup>3</sup> við 15°C
Leysni	Óleysanlegt í vatni
Deilistuðull: n-oktanól/vatn	>3
Sjálfsíkveikjuhitastig	Engin gögn
Niðurbrotshitastig	Engin gögn
Seigja	6,9 mm <sup>2</sup> /s við 100°C
Sprengieiginleikar	Engin gögn
Oxunareiginleikar	Engin gögn

## 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

### 10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin prófunarniðurstöður til fyrir vöruna. Sjá lið 10.4.

### 10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt.

### 10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg efnahvörf Ekki hætta á skaðlegri fjölliðun eða hvörfum við venjulega notkun og geymslu.

### 10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Varist alla mögulega íkveikjugjafa.

### 10.5. Ósamrýmanleg efni

Ósamrýmanleg efni Hvarfast við eða samrýmist ekki eftirfarandi efnum: oxunarefnum.

### 10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Skaðleg niðurbrotsefni Brotnar ekki niður við venjulega notkun og geymslu.

## 11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Helstu íkomuleiðir Húð, innöndun.

#### Möguleg bráð áhrif

Innöndun Vegna lágs gufuþrýstings er lítil hætta á innöndun við venjulegar aðstæður.

Inntaka Engar hættur þekktar.

Húð Þurrkar húð. Getur valdið húðþurrki og -ertingu.

Augu Engar hættur þekktar.

#### Einkenni tengd eðlisfræðilegum, efnafræðilegum og eiturefnafræðilegum eiginleikum

Innöndun Innöndun myndefna við hitaniðurbrot getur verið skaðleg.

Inntaka Engin gögn.

Húð Getur valdið ertingu, þurrki og sprungum í húð.

Augu Engin gögn.

#### Bráð, tafin og langvinn áhrif eftir skammtíma eða langtíma snertingu

Innöndun Innöndun úða eða ýrings í miklu magni getur valdið ertingu í öndunarvegi.

Inntaka Inntaka í miklu magni getur valdið ógleði og niðurgangi.

Húð Langvinn eða endurtekin váhrif geta þurrkað upp húðina og valdið ertingu og/eða húðbólgu.

Augu Getur valdið skammvinnum sársauka eða roða ef efnið berst í augu.

**Möguleg langvinn áhrif**

<b>Almennt</b>	Engin þekkt áhrif eða hættur.
<b>Krabbameinsvaldandi áhrif</b>	Engin þekkt áhrif eða hættur.
<b>Stökkbreytandi áhrif á kímfrumur</b>	Engin þekkt áhrif eða hættur.
<b>Eiturhrif á æxlun</b>	Engin þekkt áhrif eða hættur.
<b>Eiturhrif á þroskun</b>	Engin þekkt áhrif eða hættur.

**12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR****12.1. Eiturhrif**

**Visteiturhrif** Ekki flokkað sem hættulegt.

**12.2 Þrávirkni og niðurbrjótanleiki**

**Þrávirkni og niðurbrot** Talið lífbrjótanlegt.

**12.3. Uppsöfnun í lífverum**

**Uppsöfnun** Ekki talið safnast upp í gegnum fæðukeðju.

**12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi**

**Hreyfanleiki** Leki getur þrengt sér í gegnum jarðveg og valdið grunnvatnsmengun.

**12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum**

**PBT-/vPvB-efni** Á ekki við.

**12.6. Önnur váhrif**

**Önnur váhrif** Lekar geta myndað filmu á vatnsyfirborði og skaðað lífverur. Getur haft áhrif á súrefnisflæði.

**13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN****13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs**

**Förgun** Notið efni í tilætluðum tilgangi eða endurvinnið ef mögulegt. Móttökustöðvar fyrir spilliefni farga eða endurvinna notaðar olíur. Látið önnur menguð efni í ílát og fargið í samræmi við gildandi reglur. Hafðu samband við sölufulltrúann þinn eða umhverfis- eða heilbrigðisyfirvöld á staðnum fyrir upplýsingar um viðurkenndar förgunar- eða endurvinnsluaðferðir.

**Hættulegur úrgangur** Já.

**Úrgangskóði** 13 02 05 – Óklóraðar vélar-, gír- og smurolíur.

**14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING**

Heyrir ekki undir reglur um flutninga á hættulegum efnum.

**15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK****15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis**

01=ESB Tilskipun 76/769/EBE: Takmarkanir á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna.

02=ESB Tilskipun 90/394/EBE: Krabbameinsvaldar á vinnustöðum.

03=ESB Tilskipun 92/85/EBE: Starfsmenn sem eru barnshafandi eða með barn á brjósti.

04=ESB Tilskipun 96/82/EB (Seveso II): 9. grein

05=ESB Tilskipun 96/82/EB (Seveso II): 6. og 7. grein

06=ESB Tilskipun 98/24/EB: Efnafræðilegir áhrifavaldar á vinnustöðum.

07=ESB Tilskipun 2004/37/EB: Um starfsmannavernd.

08=ESB Reglugerð EB nr. 689/2008: 1. viðauki, 1. hluti.

09=ESB Reglugerð EB nr. 689/2008: 1. viðauki, 2. hluti.

10=ESB Reglugerð EB nr. 689/2008: 1. viðauki, 3. hluti.

11=ESB Reglugerð EB nr. 850/2004: Um þrávirk, lífræn mengunarefni.

12=ESB REACH, viðauki XVII: Takmarkanir að því er varðar framleiðslu, setningu á markað og notkun tiltekinna hættulegra efna, blandna og hluta.

13=ESB REACH, viðauki XIV: Skrá yfir umsóknarefni sem eru sérlega varasöm (SVHC).

**Enga efnispætti er að finna á íðefnaskrá tilgreindrar löggjafar**

**15.2 Efnaöryggismat**

**Mat** Inniheldur efnispætti sem enn á eftir að meta.

**16. AÐRAR UPPLÝSINGAR**

**Hættusetningar:** H304 – Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg.

**Skammstafanir:** STEL – Skammtíma váhrifamörk  
TLV – Viðmiðunargildi  
TWA – Tímavegið meðaltal  
CAS – Upplýsingaþjónusta um íðefni  
vPvB – Mjög þrávirkt og safnast upp í miklum mæli

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Þýðing og uppsetning: Reynir Hjálmarsson

Gert þann: 8. nóvember 2015

Heimild: Chevron Products UK Limited, [eumsds@chevron.com](mailto:eumsds@chevron.com)

